

Minnisblað

Dagsetning: 19.12.2023
Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023. Svæði nr. 525 á náttúruminjaskrá – Gervígígar við Knútsstaði í Aðaldal.

Svæðið er í landi Knútsstaða í Aðaldalshrauni, vestan Laxár í Aðaldal (1. mynd). Í náttúruminjaskrá¹ segir um svæðið:

„Fjölbreyttar gervígígamyndanir í Laxárhrauni yngra“.

Hraunsvæðið er vaxið birkiskógi. Merktur göngustígur liggur frá gamla þjóðveginum um Aðaldalshraun að einni borginni, Knútsstaðaborg. Þar er manngengur hellir inn í klettinum en einnig er op inn í hann að ofanverðu. Skammt frá eru fleiri gatklettar og hraunmyndanir sem einhver gangandi umferð er að (2.- 5. mynd).

Framkvæmd 2023

Vettvangsvinna fór fram 29. ágúst 2023 og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigþrúði Stellu Jóhannsdóttur. Svæðið var ljósmyndað með flygildi svo hægt sé að útbúa myndkort af því en einnig voru teknar yfirlitsmyndir með flygildi. Þá voru ljósmyndir teknar á nokkrum álagsstöðum og voru þeir staðir hnitaðir með GPS svo hægt væri að nota þá sem myndvöktunarstaði síðar meir.

Úrvinnsla

- Ljósmyndum sem teknar voru með flygildi hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ).
- Yfirlitsmyndir og ljósmyndir voru settar inn í ljósmyndagrunn NÍ.
- GPS hnit, lýsingar á álagsstöðum og ljósmyndir hafa verið settar inn í vöktunargrunn NÍ.

Niðurstöður og umræður

Við göngustíginn inn í borgirnar er greinilegt traðk á gróðri í kringum þær og hafa myndast nokkrir hliðarstígar. Einnig er þrilað upp á nokkrar hraunmyndanir til að sjá niður í gegnum opin og hefur mosi og annar gróður á þeim traðkast út. Inn í helli mátti sjá brotnar hraunmyndanir í hellisvegg. Á svæðinu er sumarhúsabyggð og efnisnám hefur farið fram á einum stað innan svæðisins.

¹ Umhverfisstofnun 2023. Sótt 10. nóvember 2023 á
<https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nord austurland/>



1.mynd. Yfirlitsmynd af gervígum við Knútsstaði í Aðaldal. Loftmyndagrunnur er fenginn af ESRI Satellite.



2.mynd. Svæðið við Knútsstaðaborg.



3.mynd. Upphaf merktrar gönguleiðar.



4. mynd. Knútsstaðaborg með manngengu hellisopi og opi að ofan.



5. mynd. Traðk og göngustígar að fleiri hraunmyndunum með opum.